

## Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál



**S k ý r s l a**  
**2010 - 2011**

---

## **Fulltrúar í samgöngunefnd Fjórðungssamands Vestfirðinga 2010-2011 :**

Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ, formaður  
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi  
Elías Jónatansson, Bolungarvík  
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi  
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi

### **Áherslur í samgöngumálum Vestfjarða**

Frá síðasta Fjórðungsþingi hefur fát markvert gerst í sambandi við framtíðaráform í samgöngumálum. Í gildi er Samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2010. Samgönguáætlun næstu fjögurra ára hefur ekki verið lögð fram, en er væntanleg á þessu hausti. Sömu sögu er að segja um langtímaáætlun í samgöngumálum.

Áherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga eins og þær hafa birst í samþykktum undangenginn Fjórðungsþinga eru enn í fullu gildi. Í vegamálum má setja þær fram með einföldum hætti:

1. Vestfjarðavegur frá Flókalundi í Bjarkalund verði kláraður.
2. Komið verði á sambandi á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu með Dýrafjarðargöngum og nýjum vegi um Dynjandisheiði.
3. Heilsársvegur verði lagður norður í Árneshrepp.

Þessar áherslur verða til umræðu á þinginu í tengslum við Sóknaráætlun landshluta og þær áherslur sem Fjórðungsþing leggur í því samhengi.

Aðrar áherslur, svo sem að tryggja áframhaldandi áætlunarflug til Bíldudals og Gjögurs, auk Ísafjarðar, aukið fé til viðhalds, opnun leiða að vetri og nýframkvæmdir og endurbætur á öðrum leiðum, hafa jafnframt komið til umræðu á fundum nefndarinnar og með fulltrúum Vegagerðar og stjórnvalda.

Auk þessa hefur nýr málaflokkur komið á dagskrá nefndarinnar. Það eru almenningssamgöngur og skipulag þeirra á Vestfjörðum á næstu árum.

## Starf nefndarinnar

Skömmu eftir síðasta Fjórðungsþing funduðu stjórnarmenn Fjórðungssambandsins með nýjum samgönguráðherra, Ögmundi Jónassyni, í Bolungarvík þann 25. september og kynntu honum áherslur sambandsins. Sama dag voru ný jarðgöng formlega tekin í notkun á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals.

Í október fundaði samgöngunefnd FV um stöðu mála, endurskoðun samgönguáætlunar og hugmyndir um samgönguþing Vestfirðinga, sem ræddar höfðu verið í framhaldi af Fjórðungsþingi. Eftir nokkra umþóttun var ákveðið að fresta því á meðan allt var óljóst um stefnumótun vegna samgönguáætlunar. Á nýju ári hittist nefndin á fundi fyrst 10. febrúar og aftur 10. maí. Á þessum fundum var bæði Sóknaráætlun landshluta og verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfjörðum til umræðu. Verkefnaáætlunin var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar á Ísafirði 5. apríl. Þessi viðfangsefni hafa fylgt okkur allt til þessa. Fundur nefndarinnar í maí var haldinn í Bjarkalundi í Reykhólasveit með sveitarstjórnarmönnum úr sveitarfélögunum þremur í Barðastrandarsýslu. Aðalviðfangsefni hans var pattstaðan í vegagerð um Gufudalssveit. Í framhaldi af því vann nefndin umsögn um stöðu mála til samgöngunefndar Alþingis og áréttaði stefnu Fjórðungssambandsins.

Samgönguráð vinnur nú að gerð stefnumótandi samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2011-2022. Haldið var samgönguþing í tengslum við þá vinnu 19. maí, þar sem farið var yfir helstu markmið samgönguáætlunar. Fulltrúar samgöngunefndar og vestfirskra sveitarfélaga voru þar mættir og lögðu áherslu á að enn væri langt í land með að Vestfirðingar nytu jafnréttis á við aðra landsmenn í vegamálum.

Í sumar tóku málefni Vestfjarðavegar í Barðastrandarsýslu nýja stefnu eftir fund með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og verður vikið að því hér á eftir. Samgöngunefnd hélt fund 2. ágúst til undirbúnings samráðsfundum á vegum ráðuneytisins.

### Almenningssamgöngur á Vestfjörðum

Á fundi Samgöngunefndar í ágúst var rætt um hlutverk Fjórðungssambandsins í almenningssamgöngum, en stjórnvöld hafa óskað eftir því að landshlutasamtök taki við hlutverki Vegagerðarinnar við skipulag og samningagerð varðandi almenningssamgöngur. Þegar hafa verið gerðir samningar við samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum og Suðurlandi um almenningssamgöngur á landi, þar sem sveitarfélögin hafa tekið að sér umsjón með málafloknum gegn fjárframlagi frá ríkinu. Stjórn Fjórðungssambandsins hafði tekið málið til umfjöllunar og vísað því til nefndarinnar. Samgöngunefnd samþykkti að senda öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum bréf þar sem óskað var eftir afstöðu sveitarfélaganna til þess hvort Fjórðungs sambandið skuli vinna að málinu í þeirra umboði. Viðbrögð hafa ekki borist við því erindi, en fulltrúar Fjórðungssambands og samgöngunefndar hafa setið fundi um málið með fulltrúum landhlutasamtaka og ríkisvaldsins.

Í þessu sambandi er aðallega rætt um samgöngur á landi með áætlunarbifreiðum og möguleika á að samræma og auka þjónustu í því sambandi. Þetta mál þurfa sveitarstjórnarmenn að taka til umræðu og ákveða hvort þeir telji að Fjórðungssambandið sé sá vettvangur sem þeir vilja vinna sameiginlega að málinu.

Hér má ekki gleyma því að mikilvægustu almenningssamgöngur á Vestfjörðum er áætlunarflug sem stundað er til Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs. Tvær síðarnefndu leiðirnar njóta ríkisstyrkja. Þá má telja hér fram að styrkir til Breiðafjarðarferjunnar Baldurs koma einnig úr almennasjóðum.

## **Vegaframkvæmdir á þessu ári**

Fyrst skal til taka það sem þokast hefur á Vestfjarðavegi 60 á milli Flókalundar og Bjarkalundar. Nýr vegur fyrir Hjarðarnes í Vatnsfirði og inn í Kjálkafjörð, um 15 kílómetrar, var kláraður á síðasta hausti. Næsti áfangi leiðarinnar er frá Þverá í Kjálkafirði um Kerlingafjörð að Eiði í Vattarfirði (Vestfjarðavegur 60: Eiði – Þverá). Vegagerðin hefur lagt fram frummatsskýrslu að nýjum vegi á þessum kafla og verður hann væntanlega boðinn út fyrir lok ársins. Á þessari leið verða tveir firðir þveraðir, Kjálkafjörður og Mjóifjörður inn af Kerlingafirði, og mun það stytta þennan hluta leiðarinnar úr 24 kílómetrum í um 17. Loks skal nefna að í sumar er unnið að vegalagningu um Skálanes.

Að þessu loknu er aðeins einn hluti eftir til að hægt verði að aka á bundnu slitlagi allt til Patreksfjarðar og þaðan til Bíldudals. En um vegagerð á þessum síðasta hluta, veginum um Gufudalssveit úr Skálanesi í Bjarkalund, hefur staðið mikill stýr í mörg herrans ár og hvorki gengið né rekið. Það verður því að setja í nýjan kafla hér á eftir.

Áður skal greina frá öðrum framkvæmdum hér á Vestfjörðum á þessu ári. Ákveðið var í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfjörðum að ýta á eftir nokkrum verkefnum í vegagerð í fjórðungnum. Viðbótarfjármagn var sett í brúargerð í Álftafirði, Patreksfirði og Barðaströnd. Þar verður 5 einbreiðum brúm eytt (tvær í botni Álftafjarðar, Hrísnésá á Barðaströnd og Raknadalssá og Hlaðseyrará í Patreksfirði) og í staðinn byggðar nýjar tvíbreiðar brýr eða ræsi. Þessar framkvæmdir eru að hefjast um þessar mundir og verður væntanlega lokið fyrri hluta næsta árs.

Sama á við um síðasta hluta vegarins út Steingrímsfjörð til Drangsness. Þar opnaði Vegagerðin tilboð í nýja tvíbreiða brú í botni Steingrímsfjarðar. Síðasti áfanginn á þessari leið er ekki kominn til útboðs, en verður það væntanlega innan tíðar og framkvæmdin því í höfn á næsta ári. Þá er tími til að herða sóknina til endurbóta á veginum yfir Bjarnafjarðarháls og Veidíleysuháls á Strandavegi norður í Árneshrepp.

## **Vegurinn um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu**

Í október 2009 felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð umhverfisráðherra, sem heimilaði vegagerð um Gufudalssveit samkvæmt því sem kallað er leið B (frá Skálanesi þvert fyrir Gufufjörð og Djúpafjörð um Hallsteinsnes og í Þorskafjörð). Í skýrslu til síðasta Fjórðugngsþings var greint frá viðbrögðum Samgöngunefndar og sveitarstjórna í Barðastrandarsýslu. Í raun gerðist lítið sem ekkert í málinu þar til í sumar.

Eftir hringferð um Vestfirði ásamt vegagerðarmönnum og viðræður við sveitarstjórnarmenn boðaði Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, til fundar með

fulltrúum sveitarstjórna og Fjórðungssambands Vestfirðinga í Bjarkalundi 7. júlí. Þar tilkynnti hann um skipun samráðshóps um vegagerð í Gufudalssveit.

Hópurinn samanstendur af fulltrúum ráðuneyta innanríkismála og umhverfismála, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun , Skipulagsstofnun, Náttúrustofu Vestfjarða, fulltrúum sveitarstjórna í Barðastrandarsýslu og frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Þrír nefndarmenn Samgöngunefndar hafa tekið þátt í þessum hópi, Sigurður Pétursson formaður samgöngunefndar FV, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir oddviti Tálknafjarðarhrepps og Gústaf Jökull Ólafsson sveitarstjórnarmaður í Reykhólahreppi.

Haldnir hafa verið þrír umræðufundir þar sem fulltrúar allra aðila hafa komið fram með sín sjónarmið um vegagerð á þessu svæði, bæði heimamenn, fræðimenn og embættismenn. Áherslur eru mismunandi og greinilegt gil á milli þeirra sem halda fram ítrustu náttúruverndarsjónarmiðum og hinna sem vilja fara þá leið sem sveitarstjórnir og Fjórðungssambandið ásamt Vegagerðinni lagði upp með árið 2005.

Síðasti fundur samráðshópsins verður haldinn í næstu viku og þá mun ráðast hvaða leið núverandi samgönguyfirvöld velja að fara, til að höggva á þann hnút sem haldið hefur málinu í fjötrum undanfarin ár.

## **Hringtenging Vestfjarða**

Það ætti að vera öllum Vestfirðingum ljóst að til að mannlíf og atvinnuvegir á Vestfjörðum geti átt sér viðreisnar von er ekki nægilegt að leggja vegi með bundnu slitlagi til Ísafjarðar og Patreksfjarðar til að greiða fyrir leiðum til Reykjavíkur. Uppbygging atvinnu og þjónustu á Vestfjörðum er bundin því að vegtenging komist á á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu allt árið um kring. Á þeirri leið eru tveir erfiðir fjallvegir, Hrafseyrarheiði og Dynjandisheiði. Takist að ryðja öðrum tálmanum úr vegi og leggja hinn með færum hætti, má segja að Vestfirðinga komist loks með tærnar inn í 21. öldina. Að því hljótum við að vinna.

## **Dýrafjarðargöng**

Vorið 2010 tókst að hnekkja því að Dýrafjarðargöng, úr botni Dýrafjarðar í botn Borgarfjarðar inn af Arnarfirði, féllu út af núverandi samgönguáætlun. Frá því að ný jarðgöng út í Bolungarvík voru tekin í notkun hafa allar jarðgangaframkvæmdir stöðvast. Samkvæmt nógildandi áætlun átti næst að hefja framkvæmdir við Norðfjarðargöng og síðan Dýrafjarðargöng. Allar framkvæmdir hafa tafist vegna niðurskurðar í ríkisfjármálum. Nú hafa veður skipast á þann veg að Vaðlaheiðargöng eru komin fremst í röð jarðanga. Er það gert með samningum ríkisins og einkaaðila, án þess að Alþingi hafi ákveðið þá forgangs röðun. Ný samgönguáætlun verður lögð fram á komandi hausti og þá kemur í ljós hvort ríkisvaldið ætlar að standa við fyrri röð jarðanga. Það verða Vestfirðingar að tryggja svo sem frekast er unnt.

## **Dynjandisheiðarnefnd**

Nefnd sú sem samgönguráðuneyti skipaði haustið 2009 um Dynjandisheiði, hefur lítt starfað síðasta árið. Tveir fulltrúar Fjórðungssambandsins sitja í nefndinni, Sigurður Pétursson, Ísafirði og Eyrúnu Ingibjörg Sigþórsdóttur, Tálknafirði. Aðrir nefndarmenn eru frá Vegagerði ríkisins og þar með formaður nefndarinnar Gísli Eiríksson

verkfræðingur á Ísafirði. Nefndin hefur ekki skilað niðurstöðu, en þar hafa verið lagðar niður hugmyndir að nýjum vegi yfir heiðina með nokkrum mögulegum leiðum. Á síðasta fundi nefndarinnar var Vegagerðinni falið að gera veðurathuganir á hugsanlegu vegastæði á heiðinni, til að meta kosti og galla þess miðað við núverandi veg. Ekkert hefur heyrst af niðurstöðum þeirrar athugunar. Vonandi vaknar nefndin til nýrra dáða með hausti og skilar af sér álit.

### **Fjarskipti**

Til að Vestfirðingar standi jafnfætis öðrum Íslendingum þarf ekki aðeins hringtengingu vegasambands heldur einnig ljósleiðarasambands. Til þess þarf samfellda tengingu frá Ísafirði um Hólmavík suður Strandir að Bifröst í Borgarfirði.

### **Enn skal járníð hamrað**

Betur má ef duga skal til að Vestfirðingar njóti samgangna sem sambærilegar eru við aðra landshluta. Enn er staðan sú að þéttbýlisstaðirnir Patreksfjörður, Tálknfjörður og Bíldudalur eru einu þéttbýlisstaðir á Íslandi sem ekki sjá fram á að tengjast aðalþjóðvegakerfi landsins eða næsta þéttbýliskjarna í Ísafjarðarbæ með sómasamlegum vegum. Það er og verður helsta verkefni Samgöngunefndar og sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum að vinna að lausn þess máls. Frekari töf á því máli gæti orðið Vestfirðingum og landmönnum öllum afdrifaríkt. Önnur stefnumið og verkefni í samgöngumálum Vestfjarða falla í skuggann af þessu mikilsverða máli.

1. september 2011,

Sigurður Pétursson,  
fomaður Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga.